

RUBELLA - RAUÐIR HUNDAR

Rubella (rauðir hundar) er RNA veira sem smitast með úðasmiti og er meðgöngutími hennar 14-21 dagur. Helstu einkenni sýkingar eru útbrot sem byrja á andliti en dreifast um búk og útlími en einkennin geta verið mjög væg og alveg subklínísk.

Á Íslandi sem og í öðrum vestrænum ríkjum er sýking af völdum þessarar veiru sjaldséð vegna þess hve vel hefur gengið að bólusetja gegn henni. Hins vegar koma upp faraldrar í löndum þar sem bólusetning hefur ekki verið eins umfangsmikil eða þar sem ákveðnir hópar fólks taka ekki þátt í bólusetningum barna. Flestar íslenskar konur á barneignaldri hafa verndandi mótefni. Þann góða árangur má að einhverju leyti þakka átaki í bólusetningum, sem hófst hér á landi árið 1977.

Í mæðravernd er konum boðið að fá mælingu á mótefnum gegn rubella í upphafi meðgöngu. Mælist mótefnið nægilega mikil (IgG > 10 IU/mL), eru þau ekki mæld í næstu meðgöngum. Hafi konan einu sinni haft nægileg mótefni veitir það langvarandi vörn.

Rubella sýking á meðgöngu getur valdið ýmsum fósturgöllum t.d. hjartagöllum, blindu, heyrnarskerðingu, vaxtarskerðingu og fósturláti. Líkurnar á fósturgöllum eru meiri ef kona sýkist snemma á meðgöngunni og mestar á fyrsta þriðjungi en þá geta um 90% fóstura sýktra kvenna skaðast.

Sýking eftir 20 vikur meðgöngu veldur sjaldan fósturgöllum eða skaða.

BÓLUSETNING

Bóluefnið M-M-RVAXPRO® gegn rubella inniheldur lifandi veiklaðar veirur og því er ekki ráðlagt að bólusetja þungaðar konur.

Mælt er með bólusetningu eftir fæðingu hjá þeim konum sem eru með lág mótefni þ.e. ≤10 IU/mL.

Ágæt regla er að bólusetja innan þriggja mánaða frá fæðingu eða þegar öruggt er að konan er ekki þunguð. Ef kona er bólusett snemma í þungun er það ekki ábending fyrir fóstureyðingu, bóluefnið hefur ekki sýnt sig vera skaðlegt fósturi. Til öryggis er konum ráðlagt að koma í veg fyrir þungun á fyrsta mánuði eftir bólusetningu.

Eftir Rhophylac® 1500 a.e. mótefnasprautu á meðgöngu þurfa að líða 3 mánuðir áður en hægt er að bólusetja með M-M-RVAXPRO® og öðrum lifandi veirubóluefnum. Einnig getur nýleg plasma- eða blóðgjöf getur dregið úr mótefnasvörun við bólusetningu.

Sumar konur mynda ekki mótefni þrátt fyrir bólusetningu (**non-responders**). Nægir að bólusetja þær einu sinni enn (eftir 1. fæðingu) en fáist ekki svörun þá, er álitnið tilgangslaust að bólusetja aftur. Þær eru taldar varðar fyrir sýkingu, þótt mótefni mælist ekki eða eru lág.

Meira um sýkingar og bólusetningar á meðgöngu má finna á: www.infpreg.se